Reykjavík, 24. nóvember 2026
USK26100155

Þórsgata 14 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. október 2026 þar sem sótt er um leyfi til að fjölga íbúðum og færa skil á milli eigna á annarri hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 14 við Þórsgötu.


Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag


Götusýn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Þórsgötu 14 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Baldursgötureit, samþykkt í borgarráði 11. desember 2008, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um að skipta íbúð á 2. hæð hússins í tvær sjálfstæðar íbúðir í samræmi við umsóknaruppdrætti Jóns Bjarna Baldvinssonar.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er m.a. sett fram það markmið að íbúðum fjölgi innan gróinna hverfa í borginni. Gildandi deiliskipulag svæðisins tiltekur ekki heimilaðan íbúðafjölda í húsinu. Áður hafa verið innréttaðar þrjár íbúðir á jarðhæð hússins sem upphaflega voru atvinnurými og geymslur og ein íbúð er á rishæð.

Þar sem deiliskipulag kveður ekki á um heimilaðan íbúðafjölda er fyrst og fremst horft til markmiða aðalskipulags við afgreiðslu málsins og því ekki gerð skipulagsleg athugasemd við umsóknina.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Reykjavík

Ólafur Ingibergsson
verkefnastjóri

Reykjavík